

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	13.500
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	18.200
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	23.900
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	29.800
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	65.725
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	81.950
		kr./losun
A.7	3m ³ gámur	12.206
A.8	4m ³ gámur	14.534
A.9	5m ³ gámur	16.862

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, pappírsefni:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	9.650
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	13.550
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	26.538
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	37.263
		kr./losun
B.5	3m ³ gámur	5.337
B.6	4m ³ gámur	5.375
B.7	5m ³ gámur	5.414

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, plastefni:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	8.200
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	12.100
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	25.550

C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	33.275
		<i>kr./losun</i>
C.5	3m ³ gámur	3.944
C.6	4m ³ gámur	3.519
C.7	5m ³ gámur	3.093

Gjaldi fyrir tunnur og ker er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun úrgangs.
Gjaldi fyrir gáma er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu og förgun.

Aðrir gjaldaliðir

Merktir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 896 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun: 3.863 kr./ferð auk 1.148 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun djúpgáma er skv. losunargjaldi djúpgáma hér að framan.

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva: 12.840 kr./íbúð. Gjaldi vegna grenndar- og endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild

Reykjavíkurborgar í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 3.300 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 2. mgr 23.gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 850/2018.

Borgarstjórinn í Reykjavík, XXXX.

Dagur B. Eggertsson